

# Þjónustumiðstöðvar styrkja fiskimannasamfélög á Srí Lanka

Eftir Gunnar Þórðarson verkefnisstjóra ÞSSÍ

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) hefur staðið fyrir byggingu sjö þjónustumiðstöðva við löndunarstaði (áfangi I) á vestur og suður strönd Sri Lanka og er sem stendur að ljúka við byggingu 18 stöðva (áfangi II) á austurströnd landsins. Megin markmið með byggingu stöðvanna er að styrkja fiskimannasamfélög eftir áföll í kjölfar "tsunami" flóðanna 2004 og bæta lífsgæði íbúanna til framtíðar.

Löndunarstöðvarnar eru tæplega 200m<sup>2</sup> byggingar á tveimur hæðum þar sem gert er ráð fyrir stórum opnum sal á jarðhæð og allt að fjórum herbergjum á annarri hæð. Í húsunum er rennandi vatn, hreinlætisaðstaða og rafmagn. Í sumum tilfellum er byggður fiskmarkaður við hliðina til að greiða fyrir verðmyndun á fiski sem landað er á svæðinu.



## Fátækasta fólkið

Í þessum þorpum býr fólk sem er með því fátækasta á Sri Lanka með meðaltekjur um einn til tvo dollara á dag. Lítil samfélagsuppbygging hefur verið á mörgum þessum stöðum og fiskimenn verið á flakki með fjölskyldur sínar og því ekki notið þess öryggis sem samtakamáttur getur skapað. Ein megin hugmyndin með byggingu löndunarstöðvanna var að



styðja samfélagsuppbyggingu og styrkja félagslegt starf og ýta þannig undir sjálfsbjörg íbúanna til betra lífs.

Það varð fljótlega ljóst að byggingin ein og sér myndi ekki duga til að ná þeim markmiðum sem lagt var upp með og fleira þyrfti til. Því var leitað til Sewa Lanka, sem eru öflug frjáls félagasamtök (NGO), til að aðstoða við félagslega uppbyggingu samhliða þeirri efnislegu. Samtökin tóku að sér að sinna hverju samfélagi í eitt ár eftir að löndunarmiðstöðin væri tilbúin með starfsmann á staðnum til að styðja og hvetja íbúana til að nýta og reka mannvirkin og styrkja samfélagið í heild.

Samkvæmt samningi yfirvalda á Sri Lanka og ÞSSÍ átti að afhenda

byggingarnar samvinnufélögum á hverjum stað, en þau verða að uppfylla fyrirfram sett skilyrði. Fljótlega kom í ljós að brestur var á þessu víða og kom þá til kasta Sewa Lanka að

endurreisa samvinnufélög eða koma nýjum á fót. Af þeim sjö stöðum sem byggt var á í áfanga I var í tveimur tilfellum leitað til kvenfélaga að taka við rekstri stöðvarinnar þar sem ekki náðist samkomulag við starfhæf samvinnufélög.

### Úttekt á fyrsta áfanga

Í aprílmánuði síðastliðnum gerðu þrír starfsmenn ÞSSÍ úttekt á fyrsta áfanga verkefnisins til að meta hvernig tekist hefði til við að uppfylla þau markmið sem lagt var upp með. Áhersla var lögð á að meta þau áhrif sem löndunarmiðstöðvarnar hefðu á samfélagið og hvernig íbúarnir hygðust nýta þessi mannvirki, en ekki síst hvernig félagsleg uppbygging hefði tekist til, en Sewa Lanka vinna sem verktakar hjá ÞSSÍ að því verkefni.

Sewa Lanka hefur þróað kerfi til að meta ástand í þessum samfélögum fyrir og eftir aðkomu að þeim og gefa þeim einkunn frá 0 til 5. Margir löndunarstaðanna höfðu lægstu einkunn þegar starfið hófst, sem þýðir að ekkert samfélagsstarf sé fyrir hendi, en sá lakasti í dag er með 1.4.

Fyrir Íslendinga sem eru vanir þróuðu stjórnskipulagi, ekki bara á vegum hins opinbera heldur víðtækri stjórnun á sviðum áhuga- og félagsmála, getur verið erfitt að ímynda sér þessi fyrstu varfærnu skref fyrir íbúa fátækra fiskimannasamfélaga, þar sem þeir bindast samtökum til að takast á við lífið sameiginlega.



Einkunnin 1 er gefin samfélögum sem hafa getu til lágmarks áætlanagerðar og innleiðingar. Samfélög sem fá einkunnina 2 hafa náð skipulagi til að stofna sjóði og halda utan um sameiginlega fjármuni og geta jafnvel veitt félagsmönnum lán og staðið fyrir sameiginlegum framkvæmdum sem nýtast öllum félagsmönnum. Einkunnina 3 fá samfélög sem geta tekist á við stjórnun sameiginlegra mála, haldið fundi þar sem ákvarðanir eru teknar og fylgt þeim eftir. Eins ráða þau við að sinna lágmarks samfélagsþjónustu

og geta séð um sameiginleg innkaup fyrir íbúana. Einkunnina 4 fá samfélögin sem ráða við að skipuleggja sameiginleg markaðsmál félagsmanna fyrir afurðir sínar og gert viðskiptasamninga um sölu og dreifingu á þeim afurðum sem þeir hafa til sölu. Þau samfélög sem ná einkunn 5 eru orðin fær um rekstur hlutafélaga, t.d. til reksturs fiskverkunar eða annarrar framleiðslu sem hentar samfélaginu. Með einkunn 5 er talið að samfélögin séu orðin sjálfbær um að stjórna eigin málum og takast á við uppbyggingu til framtíðar.

### Fyrirmynd

Eitt af þeim samfélögum sem starfsmenn ÞSSÍ heimsóttu hafði þegar náð 5. einkunn þegar löndunarmiðstöðin var byggð, og nýttist hún því sem innlegg til frekari útrásar samvinnufélagsins með fjölgun félagsmanna og frekari sóknar til betra lífs. Það leyndi sér ekki við komuna þangað þegar stjórnarformaður samvinnufélagsins tók á móti starfsmönnum ÞSSÍ að þarna var öflugt starf í gangi. Löndunarmiðstöðin var miðstöð sjávarútvegs á svæðinu og við hliðina á henni var fiskmarkaður þar sem afli er boðinn upp á hverjum morgni frá bátum félagsmanna. Þarna er samkomustaður seljenda og kaupenda sem eykur líkur á sanngjörnu verði með eðlilegri verðmyndun afla. Löndunarmiðstöðin var notuð til margvíslegra hluta, allt frá skrifstofu veiðieftirlitsmanns til matsölu fyrir fiskimenn. Skammt frá fengum við að sjá sparisjóðinn þeirra og við hliðina var samkomustaður samvinnufélagsins. Félagið hafði síðan byggt stórt félagsheimili þar sem allar meiriháttar samkomur voru haldnar og menningarlíf blómstraði.

Mörg hinna samfélaganna eiga langt í land með að ná slíkum árangri, en mikilvægt er að hafa fyrirmyndina fyrir sér með skýra framtíðarsýn. Fullvissan um hvað hægt er að gera ef rétt er staðið að verki. Á ferð sinni sáu starfsmenn ÞSSÍ ónotuð mannvirki sem byggð höfðu verið með sömu góðu markmiðunum en hugur ekki látin fylgja máli alla leið. Það má ef til vill líkja því við trúboð þar sem kirkjubygging er byggð en gleymist að stofna söfnuðinn.

Svona úttektum fylgja að jafnaði einhver vonbrigði þar sem augljóslega hefði mátt gera betur og innri brestir koma í ljós. En með réttu hugafari auðveldar það leiðina framundan ef rétt er á málum haldið. ÞSSÍ er með í byggingu átján löndunarmiðstöðvar á austurströnd Sri Lanka sem lokið verður við á þessu ári. Þetta eru fyrrum stríðshrjáð svæði sem yfirvöld hafa lagt mikla áherslu á uppbyggingu til framtíðar og mikið verk að vinna við að bæta lífsgæði íbúa fiskimannasamfélaga. Á því sviði liggur styrkleiki Íslendinga.